

Mál nr. 0336/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Höfundur: Ingi Rúnar Jónsson/ingirj@outlook.com

Sent inn þann: 14.12.2023 , **Fyrir hönd:** Hafrannsóknastofnun

Mál nr. 0336/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands.

Höfundur: Píríður Elísa Harðardóttir/thuridur@minjastofnun.is

Sent inn þann: 05.01.2024 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Umsögn þessi er gerð fyrir hönd Eiganda Kaldár 2. Ekki er gerð athugasemd við efnistöku í Kiðeyri. Eigendur Kaldár vilja þó undirstrika að landamerki jarðanna Kaldár 2 og Ketilsstaða liggja um Urriðalæk og þaðan yfiri Grímsá og norðan og austan við Vaðhólma. Við leggjum því áherslu á að efnistakan virði þessi landamerki. Einnig leggjumst við gegn því að tekið verði efni úr Grímsá í námunda við landamerkin, eins og gert var seinast þegar eigendur Ketilsstaða fóru í efnistöku á þessu svæði. Sú efnistaka varð til þess að áin gekk á Vaðhólmann og landeyðing varð á hólmanum. Til áréttingar landamerkjum fylgir afrit af afsali vegna kaupa á jörðinni árið 1990 þar sem landamerkin eru tilgreind

Höfundur: Katrín Ásgrímsdóttir/katrin@solskogar.is

Sent inn þann: 08.01.2024

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Eftirfarandi umsögn barst í tölvupósti til undirritaðrar, 8. janúar 2024:

"Samkvæmt bréfi frá Orkusölonni 2023 er barst Veiðifélagi Grímsárs, hefur umhverfisstofnun gert athugasemdir við tæmingu á lóni Grímsárvirkjunnar af auri og malaarefni. Auðvita veldur þessi losun miklu raski

á lífríki árinna og líklega gengur þessi framkvæmd gegn skilyrðum sem eru í starfsleyfi virkjunarinnar og gegn vatnalögunum frá árinu 1927 sem sett voru til verndar lífríkinu. Ef þannig fer að allri losun úr lóni virkjunarinnar verði bannað, verður það til þess að allt það malaarefnið sem tekið er úr ánni mun ekki endurnýjast. Því bresta allar forsendur á leyfisveitingum eða áætlum um það efnismagn sem hægt er að taka úr ánni.

Því vill ég benda ykkur á að kanna þetta og taka upplýsta ákvörðun um leyfi fyrir því efnismagni sem hægt er að vinna þarna. Einnig að vara umsækjanda við, ef þessi breyting, með losunina úr lóninu, verður að veruleika.

f.h. Veiðifélags Grímsár neðan virkjunar
Gunnlaugur Hafsteinsson"

Höfundur: Sóley Valdimarsdóttir/soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Sent inn þann: 08.01.2024

Mál nr. 0336/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Höfundur: Ingvar Atli Sigurðsson/ingvar@ni.is

Sent inn þann: 11.01.2024 , **Fyrir hönd:** Náttúrufræðistofnun Íslands

Mál nr. 0336/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Höfundur: Davíð Arnar Stefánsson/david@land.is

Sent inn þann: 11.01.2024 , **Fyrir hönd:** Landgræðslan

Mál nr. 0336/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Höfundur: Jón Valgeir Sveinsson/jon.v.sveinsson@vegagerdin.is

Sent inn þann: 11.01.2024 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Austursvæði

Mál nr. 0336/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Umsögn Umhverfisstofnunar barst í tölvupósti 16. janúar 2024.

Höfundur: Sóley Valdimarsdóttir/soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Sent inn þann: 16.01.2024 , **Fyrir hönd:** Umhverfisstofnun

Vegna: Máls nr. 0336/2023, Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Eftirfarandi umsögn Fiskistofu barst í tölvupósti 16. janúar 2024.

Fiskistofa tekur undir athugasemdir og ábendingar Hafrannsóknastofnunar um að rétt væri að huga að efnistökkostum sem raska ekki lífríki í straumvatni.

Framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Sjá nánar: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Með umsókn skulu fylgja umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa á lífríkið og umsögn viðkomandi veiðifélags.

Við leyfisveitingu Fiskistofu er tekið mið af því hvort umrædd framkæmd hafi neikvæð áhrif á viðkomu fiskstofna eða veiðihagsmuni.

Höfundur: Sóley Valdimarsdóttir/soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Sent inn þann: 16.01.2024 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaping
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 5. janúar 2024
MÍ202311-0148/ 6.08 / Þ.E.H.

Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 - auglýsing breyting efnisnáma Kiðueyri

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið umsagnarbeiðni sveitarfélagsins Múlapingis í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um auglýsingu á breytingu aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna efnisnámu á Kiðueyri í landi Ketilsstaða á Völlum (mál nr. 336/2023). Hægt var að hlaða niður breytingartillögunni, dags. 12. október 2023.

Landeigendur Ketilsstaða 2 á Völlum vilja mæta vaxandi þörf fyrir malarefni með því að vinna efni úr Kiðueyri í Grímsá, norðan Urriðalæks. Efni hefur áður verið tekið á svæðinu í smáum stíl og hægt er að komast að því eftir vegslóða sem nú þegar er til staðar.

Heildarflatamál efnistöku- og haugsvæðis er 22.000m² og heildardýpt efnistökkunnar er áætluð um 2m. Stærð svæðisins er ákvörðuð með það að markmiði að vinna efni úr hæfilega stóru svæði í einu og að lokið sé við vinnslu og frágang áður en ráðist er í næsta hluta hennar. Reynt verður að staðsetja hauga þar sem minnst hætta er á neikvæðum áhrifum.

Breyting á aðalskipulagi felst í því að sveitarfélagsupprætti B er breytt þannig að bætt er við hringtækni í flokki efnistökusvæða með auðkennið E172. Í greinargerð bætist einnig við lína við töflu í kafla 9.10 þar sem fjallað er um E172 Kiðueyri.

Í greinargerð breytingartillögunnar segir að engin sérstök svæði um náttúru- eða menningarminjar gildi um reitinn en engar náttúru- eða menningarminjar séu að finna innan svæðisins. Vakin er þó athygli á ákvæði laga um menningarminjar um að stöðva framkvæmdir komi minjar í ljós.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun Íslands hefur veitt umsagnir um framkvæmdarleyfi efnistökkunnar (dags. 8. maí 2023) sem og um vinnslutillögu breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 (dags. 14. ágúst 2023). Eins og þar hefur komið hefur stofnunin ekki gert athugasemdir við fyrirhugaða

**Puríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

efnistöku þar sem hún hefur áður farið fram á svæðinu og að engar þekktar menningarminjar væru innan svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni. Stofnunin vill þó vekja athygli á því eins og hún gerði í umsögn sinni um framkvæmdarleyfið að það er mikilvægt að halda framkvæmdum innan þess svæðis sem kynnt hefur verið en fornleifar kunna að leynast utan þess.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Þuríður Elísa Harðardóttir". The signature is fluid and cursive, with the first name "Þuríður" being the most prominent.

Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

**Móttakandi**

Múlaping

Sóley Valdimarsdóttir

soley.valdimarsdottir@mulathing.is**Efni: Efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða, auglýsing um breytingu á aðalskipulagi**

Vísað er til erindis dags. 3. júlí 2023 frá Skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.

Vegagerðin bendir á að gera þarf betur grein fyrir aðkomu að Skriðdals- og Breiðdalsvegi. Áður en Vegagerðin tekur afstöðu til tenginga inná þjóðveg verður að tryggja að tenging uppfylli gildi veghönnunarreglna svo sem fjarlægð milli vegamóta og sjónlengdir að vegmótum.

Vegagerðin er tilbúin til samráð um það.

Að öðruleiti gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við ofnagreinda breytingu á aðalskipulagi.

Síða 1/1

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar.

Jón Valgeir Sveinsson

Deildastjóri, tæknideildar austursvæðis

Undirskrift

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

14. desember 2023

Mál: 2023-07-0229

Sveitarfélagið Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

Efni: Umsögn vegna námu á Kiðueyri í landi Ketilsstaða. Auglýst tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, dagsett 12. október 2023.

Múlaþing óskaði þann 24. nóvember 2023 eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna efnisnámu á Kiðueyri í landi Ketilsstaða, nr. 0336/2023: Auglýsing tillögu (Breyting á aðalskipulagi). Kynningartími er til 11.1.2024.

Vísað er til fyrri umsagna Hafrannsóknastofnunar um fyrirhugaða námu á Kiðueyri, dagsett 28. apríl 2023 (málsnúmer 2023-04-0136) og 11. ágúst 2023 (málsnúmer 2023-07-0229). Ekki er annað að sjá en að stærð og staðsetning efnistökusvæðis og efnismagn sé það sama og var forsenda fyrri umsagna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að í greinargerð með aðalskipulagi bættis við lína í töflu í kafla 9.10, svohljóðandi:

E172 Kiðueyrar

Forðast skal eins og kostur er að raska árbökkum og árbotni. Afrennsli fari í nægilega stórar settjarnir til tryggja að sem minnst grugg fari út í árvatnið. Halda skal akstri tækja yfir ána í lágmarki og tryggja að olíumengun berist ekki í hana. Gera skal áætlun um viðbrögð við mengun. Reynt skal að ljúka vinnslu á hverjum hluta námunnar áður en vinnsla hefst í þeim næsta.

Í fyrri umsögn Hafrannsóknastofnunar um efnisnám á Kiðueyri eru talin til helstu áhrif efnistöku úr árfarvegum. Í núverandi erindi er staðsetning og umfang fyrirhugaðrar efnistöku það sama og var fjallað um í fyrri erindum. Í ljósi þess verður að telja að umfjöllun í fyrri umsögnum eigi enn við, en þar segir m.a. að almenna reglan ætti því að vera sú að við malarnám sé leitað annarra svæða en í eða við vatnsföll og Hafrannsóknastofnun mæli eindregið gegn efnistöku sem hefur í för með sér beina snertingu við virkan farveg straumvatna

Mikilvægt er að ef veitt verður leyfi til efnistökkunnar, verði þess gætt að í framkvæmdaleyfi komi fram skýr ákvæði um umgengni við ána og takmörkun á raski á árbökkum og árbotni, auk annar þátta til að draga sem mest úr álagi á lífríki árinna.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Ingi Rúnar Jónsson

A F S A L

Vallahreppur kt. 67.02.69-7019, hér á eftir nefndur seljandi, gerir með bréfi þessu kunnugt að hann hefir selt og afsalar hér með þeim Gísla Guðmundssyni, kt. 08.11.58-3049 og Katrínu Ásgrímsdóttur kt. 10.05.62-2949 báðum að Lönguhlíð í Vallahreppi, hér á eftir nefnd kaupendur, öllu landi seljanda á svonefndum Kaldármóum úr landi Eyjólfstaða í Vallahreppi, 53.7 hektara að stærð.

Mörk hinnar seldu landspildu eru:

Að sunnan ræður Kaldá.

Að vestan Grímsá og fylgir Vaðhólmi með.

Að norðan Urriðalækur.

Að austan vélgrafinn skurður og girðing á mörkum við Beinárgerði.

Með í kaupunum fylgja tilheyrandi vatnsréttindi í Kaldá.

Með í kaupunum fylgir ekki upprekstrarréttur ofan skógar að Eyjólfstaðum fyrir allt að 100 kindur.

Fasteignamat hins selda er kr. 137.000.-

Landið er selt til stofnunar skógræktarbýlis.

Landið er selt í því ástandi sem það er í nú og kaupendur hafa kynnt sér með skoðun og sætta sig við.

Kaupendur fá hið selda afhent laust til afnota nú þegar.

Umsamið andvirði hins selda hafa kaupendur greitt að fullu.

Seljandi ábyrgist að ekki hvíli neinar skuldir eða kvaðir á hinu selda.

Með tilvísun til framanritaðs lýsir seljandi framangreinda kaupendur rétta og löglega eigendur að allri framgreindri landspildu með öllum sömu réttindum og sömu skyldum og seljandi hefir hana átt, þó að undanskildum áðurgreindum beitarrétti.

Kaupendur þinglýsa og láta stimpla afsal þetta á sinn kostnað.

Rísi mál út af kaupum þessum eða afsali skal það rekið fyrir aukadómi Suður-Múlasýslu.



Framanrituðu til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Vallahreppi, 28. des. 1990

f.h. hreppsnefndar Vallahrepps e.u.

Suam. Nikulásson

Guðmundur Nikulásson oddviti

Vottar að rétttri dags. undirskrift og fjárr.

Samþykkt sem kaupendur

Anna Anna

kt. 22.12.45.2249

Anna Anna

kt. 30/061-3669

Gisli Guðmundsson

Gisli Guðmundsson

Katrín Ásgrímsdóttir

Katrín Ásgrímsdóttir

Skjal nr. 1473/1990 28/12

Máteknið til þinglýsingar

Innfært í þinglýsingabók

Þinglýsingargjald kr.

Stimpilgjald

kr.

3112

600

548

1.148



Stjórnið Eir Gunnars

GAH

Múlaping
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 16. janúar 2024
UST202311-279/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshérað 2008-2028 - Efnisnáma á Kiðueyri - Ketilsstaðir.

Vísað er til erindis Múlapingis dags. 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.

Fyrirhugað er að taka efni úr Kiðueyri í landi Ketilsstaða 2 á Völlum, norðan Urriðalæks. Ráðgert er að efnistaka fari fram á næstu þremur árum og verða teknir um 8.000 m³ árlega á 22.000 m² svæði.

Fyrir liggur álit Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegra áhrifa á lífríki árinna og mótvægisáðgerðir.

Umhverfisstofnun hefur veitt umsögn vegna málsins á fyrir stigum og vísast að mestu leyti til hennar¹. Umhverfisstofnun vill þó koma eftirfarandi á framfæri.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar Íslands 2022 - 2027². Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna er gerð vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er að sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Umhverfisstofnun bendir á að í fyrri umsögn stofnunarinnar kom fram að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í

¹ [Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 16. ágúst 2023.](#)

² [Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027](#)

vatnaáætlun, sbr. 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Jafnframt vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar. Auk þess er mikilvægt að í umhverfisskýrslu séu settur fram umhverfispátturinn vatn/vatnshlot, að viðmiðin séu lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun og sett fram matsspurningar sem fjallar um áhrif tillögunnar á umhverfismarkmið vatnshlotsins.

Vatnshlotið sem á við hér nefnist Grímsá og hefur vatnshlotanúmerið 102-1150-R. Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að vera í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi og *góðu* efnafræðilegu ástandi og eru þau markmið lagalega bindandi.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka getur haft áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins en samkvæmt vatnaáætlun má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Fjarlæging á efni (set og möl) úr straumvatnshlotum með tilheyrandi raski getur haft neikvæð áhrif vatnsformfræðilega gæðabætti (t.d. rennsli, dýpi, botngerð, samfellu eða svifaur) og þar af leiðandi neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Framkvæmdaraðili þarf að meta þau áhrif sem efnistakan mun hafa á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti vatnshlotsins Grímsá (102-1150-R). Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur

Umsögn

Tilvísun 2020-690 – 22.12

11. janúar 2023



Land og skógur

Múlaping
Lyngási 12
Egilsstöðum
sent inn í skipulagsgátt

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Múlapings vegna efnisnámu á Kiðueyri í landi Ketilstaða

Óskað var eftir umsögn Landgræðslunnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Múlapings vegna efnisnámu á Kiðueyri í landi Ketilstaða.

Land og skógur tók um áramótin við hlutverki Landgræðslunnar. Umsögn þessi byggir á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2015, og lögum um Land og skóg nr. 66/2023.

Land og skógur vekur athygli á því að yfirborð jarðvegarins á fyrirhuguðu efnistökusvæði er mögulega smitað af lúpínufræi. Lúpína er á lista Náttúrufræðistofnunar um ágengar tegundir og ekki er æskilegt að fræ berist víðar við flutninga og/eða notkun efnisins.

Land og skógur gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagsbreytinguna.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

F.h. Lands og skógar,

Davíð A Stefánsson

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Garðabær, 11. janúar 2024
Málsnúmer: 202311-0050
IAS

Efni: Umsögn um tillögu um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, náma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða

Vísað er í tölvubréf frá Múlaþingi frá 24. nóvember, sem barst í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu við breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Landeigendur Ketilsstaða 2 á Völlum vilja vinna efni úr Kiðueyri í Grímsá, norðan Urriðalæks. Heildarflatarmál fyrirhugaðrar efnistöku- haugsvæðis er 22 000 m² og er áætlað að taka 8 000 m³ á ári næstu þrjú árin. Í greinargerð um námuna segir meðal annars: „Forðast skal eins og kostur er að raska árbökkum og árbotni. Afrennsli fari í nægilega stórar settjarnir til að tryggja að sem minnst grugg fari út í árvatnið.“ Efni hefur áður verið tekið á þessum stað í smáum stíl og hægt er að komast að svæðinu eftir vegarslóða sem þegar er fyrir hendi.

Náttúrufræðistofnun hefur gefið umsögn um málið á fyrri stigum og ítrekar að efnistaka í virkum áreyrum getur haft neikvæð áhrif á lífríki árinna langt út fyrir efnistökusvæðið sjálft. Fuglalíf er töluvert á óshólmasvæði Grímsár sem er töluvert gróið m.a. víðikjarri og votlendi. Það er því mikilvæt að fylgst sé vel með því að fyrirhugaðar settjarnir virki, að rykmengun verði ekki frá efnishaugum og að sem minnst grugg berist í árvatnið.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

